

AUGLÝSING

um staðfestingu á reglum Bændasamtaka Íslands um ráðstöfun fjármuna til kynbóta- og þróunarstarfsemi í nautgriparækt.

Með vísan til gr. 6.2. í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu, sem dagsettur er 10. maí 2004, ásamt síðari breytingum, hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra staðfest verklagsreglur Bændasamtaka Íslands um ráðstöfun fjármuna til kynbóta- og þróunarstarfsemi. Reglurnar eru birtar í Stjórnartíðindum sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 5. júlí 2013.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,
Halldór Runólfsson.

Rebekka Hilmarsdóttir.

Fylgiskjal.

VERKLAGSREGLUR um ráðstöfun fjármuna til kynbóta- og þróunarstarfsemi.

1. gr.

Reglur þessar fjalla um ráðstöfun fjármuna til kynbóta- og þróunarstarfsemi samkvæmt grein 6.2. í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar frá 10. maí 2004, með síðari breytingum. Við framkvæmd reglnanna skal leitast við að ná markmiðum sammingsins.

2. gr.

Árlegum framlögum samkvæmt lið 6.2. í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar frá 10. maí 2004, með síðari breytingum, skulu Bændasamtök Íslands ráðstafa til aðila (búnaðar-sambands eða sambærilegs aðila) sem rekur starfsemi í nautgripasæðingum.

3. gr.

Framlag ríkisins er greitt með 12 jöfnum mánaðarlegum greiðslum og skiptist milli viðtakenda á grundvelli magns innveginnar mjólkur á starfssvæðinu í næstliðnum mánuði. Þannig er framlagi vegna janúar skipt á grundvelli framleiðslu í næstliðnum desembermánuði.

4. gr.

Heimilt er að ráðstafa allt að 3% árlegrar fjárveitingar til að styrkja mikilvæg sameiginleg verkefni í kynbótastarfinu, s.s. kvíguskoðun o.fl.

5. gr.

Verklagsreglur þessar eru settar samkvæmt grein 6.2. í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu frá 10. maí 2004, með síðari breytingum. Reglurnar öðlast gildi að fenginni staðfestingu atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og gildistími þeirra er sá sami og sammingsins.

Reykjavík, 27. júní 2013.

F.h. Bændasamtaka Íslands,
Eiríkur Blöndal.